



Borgarráð

Samstarfssamningur um Höfða friðarsetur 2023-2025

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samstarfssamningi Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands um Höfða friðarsetur fyrir árin 2023-2025. Samningurinn er til þriggja ára. Kostnaður samkvæmt samningnum er 10.800.000 kr. árið 2023, 11.500.000 kr. árið 2024 og 12.500.000 kr. árið 2025, samtals 34.800.000 kr. á samningstímanum sem færast á kostnaðarstað 09510 – ýmsar samningsbundnar greiðslur. Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2024 og 2025 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlana.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Drög að samstarfssamningi Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands um Höfða friðarsetur 2023-2025.

Samantekt á starfsemi Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands 2020 – 2022.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, og Háskóli Íslands, kt. 600169-2039, Sæmundargötu 2, gera með sér svohljóðandi

Samstarfssamning um Höfða friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands

Inntak

Samningsaðilar skuldbinda sig til samstarfs um rekstur Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands samkvæmt samningi þessum.

Reykjavíkurborg skuldbindur sig til þess að greiða 10,8 m.kr. árið 2023, 11,5 m.kr. árið 2024 og 12,5 m.kr. árið 2025 til Háskóla Íslands vegna verkefnisins. Háskóli Íslands hýsir verkefnið innan Alþjóðamálastofnunar HÍ og leggur verkefninu til starfsaðstöðu, vinnuframlag og verkefnisstjóra.

1. gr. Markmið

Markmið með stofnun Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands er að stuðla að því að Reykjavíkurborg og Ísland vinni að friði í heiminum, jafnt innanlands sem utan. Til að ná þessu markmiði skal setrið skoða og skilgreina hvaða leiðir eru færar í þessum efnum og aðstoða Reykjavíkurborg við mótun, útfærslu og framkvæmd stefnu sem styrkir innviði hennar í því hlutverki að vera borg friðar. Um skipulag og starfsemi þessa verkefnis er nánar fjallað um í stofnsamþykkt um Höfða friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands.

2. gr. Framlög samstarfsaðila

Framlag Reykjavíkurborgar vegna þessa samnings felst í 10,8 m.kr. greiðslu árið 2023, 11,5 m.kr. greiðslu árið 2024 og 12,5 m.kr. greiðslu árið 2025. Framlagið skal greiðast þann 8. desember 2023, 15. júní 2024 og 15. júní 2025 gegn framvísun reiknings. Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2024 og 2025 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlana.

Verkefnið er hýst innan Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og leggur stofnunin verkefninu til starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er, sem og vinnuframlag starfsmanna stofnunarinnar.

Höfði friðarsetur skal standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu árlega þar sem sjónum er beint að friðarmálum í víðum skilningi. Kostnaður við ráðstefnuna deilist jafnt milli samstarfsaðila, þ.e. Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands og kemur til viðbótar framlags borgarinnar sbr. hér að ofan. Kostnaðaráætlun vegna ráðstefnunnar skal lögð fram til samþykkis Reykjavíkurborgar fyrirfram.

Um önnur verkefni friðarseturs sem teljast ekki vera hluti af samstarfssamningi þessum skal samið um fyrirfram og kostnaður deilist í þeim tilvikum jafnt á milli samstarfsaðila þessa samnings.

3. gr. Framkvæmd samnings

Fyrir hönd Háskóla Íslands er Alþjóðamálastofnun ábyrg fyrir framkvæmd samningsins en skrifstofa borgarstjóra og borgarritara fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands skal skila greinargerð um starfsemi og rekstur Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands ár hvert í desember. Í fyrsta skipti í desember 2024.

4. gr. Eftirlit og eftirfylgni

Að loknu hverju starfsári sem samningur þessi gildir um skal Höfði friðarsetur skila Reykjavíkurborg árituðum ársreikningi og greinargerð um ráðstöfun fjárframlags Reykjavíkurborgar. Skil eru í síðasta lagi þann 1. maí ár hvert. Í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 skal styrkþegi í greinargerð um ráðstöfun fjárframlags skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar og sérstaklega verði greint frá því hvaða áhrif framlagið hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks sbr. mannréttindastefna Reykjavíkurborgar.

5. gr. Trúnaður

Samningsaðilar skulu virða sem trúnaðarmál allar þær upplýsingar um starfsemi gagnaðila sem þeir kunna að öðlast við framkvæmd samnings þessa nema lög kveði á um annað, enda séu þær ekki almennt þekktar eða hafi verið gerðar opinberar. Þagnarskylda gildir áfram eftir samningslok. Samningsaðilar og fulltrúar þeirra skulu virða þagnarskyldu skv. 101 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og meðhöndla persónuupplýsingar af fyllsta trúnaði og gæta ákvæða laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

6. gr. Kynningarmál

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands skal kynna þau verkefni sem fjárveiting fer til, án sérstakrar þóknunar, sé eftir því óskað af hálfu Reykjavíkurborgar. Stofnunin skal jafnframt upplýsa í kynningum á verkefninu að það njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.

7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Háskóla Íslands. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega.

Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Rísi mál vegna efnda samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir til 31. desember 2025. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, [DAGS.]

F.h. Háskóla Íslands

F.h. Reykjavíkurborgar

Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu:

Nafn _____ kt.



Nafn _____ kt.

SAMANTEKT Á STARFSEMI HÖFÐA FRÍÐARSETURS REYKJAVÍKURBORGAR OG HÁSKÓLA ÍSLANDS 2020 – 2022

The Imagine Forum - alþjóðleg friðarráðstefna Höfða friðarseturs 2020 - Friðardagar í Reykjavík



Er
friðurinn
úti?



Höfði friðarsetur stendur fyrir alþjóðlegri ráðstefnu 10. október ár hvert þar sem sjónum er beint að hlutverki almennra borgara og ólíkra hópa samfélagsins við að stuðla að sjálfbærum friði. Sérstök áhersla hefur verið lögð á kynjaðar afleiðingar átaka og mikilvægi aðkomu kvenna, ungs fólks og minnihlutahópa að friðaruppbyggingu.


Vegna kórónuveirufaraldursins var ákveðið að færa umræðuna alfarið yfir á netið árið 2020 og leggja áherslu á friðinn heima, með vonduðum hlaðvarpsþáttum undir yfirskriftinn Er friðurinn úti?

Í hlaðvarpsþáttaröðinni er fjallað um hvernig Ísland getur gert enn betur þegar kemur að ófriði í íslensku samfélagi og um leið verið öflugri málsvari á alþjóðavettvangi á sviði mannréttinda og friðar. Höfði friðarsetur vann hlaðvarpsþættina í samstarfi við UNICEF, UN Women, Félag Sameinuðu þjóðanna og utanríkisráðuneytið. Þættirnir eru fimm talsins og voru birtir á heimasíðu Friðarsetursins og á Kjarnanum vikuna 10 – 16. október. Á sama tíma voru valdar greinar eftir pistlahöfundu og viðmælendur í hlaðvarpsþáttunum birtar á samfélagsmiðlum, vefsíðum og á Kjarnanum. Umsjónarmaður þáttanna er Margrét Marteinsdóttir, fjölmiðlakona.

[Hægt er að lesa greinarnar og hlusta á þættina á vefsíðu Höfða friðarseturs](#)

[Friðarhlaðvarpið: Fimm hlaðvarpsþættir þar sem fjallað er um frið frá ýmsum sjónarhornum](#)

2021 - The Imagine Forum: Building Trust for Sustainable Peace




Á árlegri friðarráðstefnu Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands árið 2021 var áhersla lögð á mikilvægi trausts fyrir sjálfbæran frið og friðarmenningu. Ráðstefnan var haldin í Veröld - húsi Vigdísar þann 8. október.

Þetta ráðstefnunnar hélst í hendur við alþjóðáár trausts og friðar hjá Sameinuðu þjóðunum en það átti einkar vel við á krefjandi tímum heimsfaraldurs þar sem reynt hefur verulega á traust til alþjóðasamstarfs. Árangur alþjóðlegra stofnana byggir á að ríki og almenningur treysti þeim og líti á ógnir samtímans sem alþjóðlegar ógnir sem leysa þurfi í sameiningu. Þess vegna var sérstök áhersla lögð á að skoða hvort traust til alþjóðasamstarfs hafi dvínað og hvernig mætti byggja það upp að nýju, meðal annars með því að stuðla að aukinni alþjóðlegri borgaravitund meðal íslenskra borgara.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri opnaði ráðstefnuna en á meðal þátttakenda voru Helen Clark, fyrrverandi forsætisráðherra Nýja-Sjálands, Fawzia Koofi, fyrrum þingkona á afganska þinginu og baráttukona fyrir réttindum kvenna, Hindou Oumarou Ibrahim, landfræðingur og sérfræðingur á sviði loftslagsmála og frumbyggja, pakistanska baráttukonan Gulalai Ismail og Sanam Naraghi-Anderlini, forstöðukona Centre for Women, Peace and Security við LSE og stofnandi og stjórnarformaður International Civil Society Action Network (ICAN).

Samstarfsaðilar að ráðstefnunni árið 2021 auk Reykjavíkurborgar voru utanríkisráðuneytið, Stofnun Sæmundar fróða og Jafnréttisskólinn (GRÓ GEST).

2022 - The Imagine Forum: Reimagining Peace Processes



Árleg friðarráðstefna Höfða friðarseturs fór fram 10. október í Veröld - húsi Vigdísar. Að þessu sinni var ráðstefnan einnig haldin í samstarfi við Nordic Women Mediators á Íslandi.

Ráðstefnan bar yfirskriftina The Imagine Forum: Reimagining Peace Processes en þetta árið var lögð áhersla á að skoða þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir þegar kemur að friðaruppbyggingu í breyttu öryggisumhverfi. Umræðurnar snérist um hvað fyrri átök og friðarferlar hafa kennt okkur og hvernig við getum stuðlað að skilvirkari friðarferlum og friðaruppbyggingu þar sem allar raddir fá að heyrast.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forseti borgarstjórnar var með lokaerindi ráðstefnunnar en á meðal fyrirlesara á ráðstefnunni voru Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra, Ketevan Tsikhelashvili, sendiherra og fastafulltrúi Georgíu í ÓSE, Thania Paffenholz, forstöðumaður Inclusive Peace, Jayathma Wickramanayake, sendifulltrúi ungmenna hjá Sameinuðu þjóðunum, Hiba Qasas, forstöðumaður Principles for Peace Initiative hjá Interpeace, Louise Olsson, rannsóknastjóri hjá Peace Research Institute Oslo (PRIO), Jannie Lilja, forstöðumaður rannsókna á sviði friðar og þróunarsamvinnu hjá SIPRI, Kirsi Joenpolvi, sérfræðingur á skrifstofu friðaruppbyggingar hjá Sameinuðu þjóðunum, Jón Ólafsson, prófessor í menningarfræði og rússnesku við Háskóla Íslands, Rodrigo Mezú, fræðimaður við Air Force Academy í Kólumbíu, Niusha Khanmohammadi, sérfræðingur í friðar- og menningarmálum og listamaður og Julie Arnfred Bojesen, forstöðumaður the Ukrainian-Danish Youth House.

Snjallræði 2021 og 2022



Snjallræði er 16 vikna vaxtarrými (e. incubator) sem styður við öflug teymi sem brenna fyrir lausnum á áskorunum samtímans og styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Það geta verið lausnir sem snúa að heilbrigðisþjónustu, velferðartækni, bættu menntakerfi og jafnréttismálum, svo dæmi séu tekin. Snjallræði leggur þannig grunninn að langtíma kerfislægum breytingum á sviði stjórnmála, efnahags, umhverfis og félagsmála.

Snjallræði var stofnað af Höfða friðarsetri árið 2018 og hefur verið keyrt fimm sinnum frá upphafi að meðtöldu þessu ári. Vaxtarrýmið, sem áður var skilgreint sem hraðall, hefur verið í öflugu samstarfi við MITdesignX frá byrjun. Þungamiðja þess eru vinnustofur þar sem sérfræðingar frá MIT koma til landsins og deila þekkingu sinni. Þátttakendur fá aðgang að fræðslu og þjálfun frá innlendum og erlendum sérfræðingum á sviði samfélagsmála og nýsköpunar og fundi með reyndum mentorum.

Markmið vaxtarrýmisins er að ýta undir nýsköpun sem tekst á við áskoranir samtímans og er þannig mikilvægur vettvangur fyrir samfélagssprota. Áhersla er á að ýta undir sjálfbærni í nýsköpun og byggja upp sprota sem styðja með beinum hætti við eitt eða fleiri af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna allt frá fyrstu skrefum.

Mikil aðsókn var í Snjallræði bæði árið 2021 og árið 2022.

Samtals 16 teymi tóku þátt í Snjallræði árin 2021 og 2022 sem spanna afar fjölbreytt svið. Allt frá þjónustu við einstaklinga sem glíma við fíknisjúkdóma, þróun smáforrits sem sér um verkaskiptingu og hugræna byrði heimilisins, fræðslu fyrir börn um nýsköpun til þróunar hátæknigróðurhúsa með áherslu á hringrásarhagkerfið.

[Frekari upplýsingar um hraðalinn má finna á vefsíðu Snjallræðis, snjallraedi.is.](https://www.snjallraedi.is)

The Arms Control Negotiation Academy (ACONA) 2020 - 2022

Samstarfið við Davis Center við Harvard háskóla hélt áfram eftir velheppnað alþjóðlegt námskeið í samningatækni í Reykjavík í ágúst 2019. Fleiri virtar stofnanir bættust í hópinn, Woodrow Wilson Center's History and Public Policy Program, Peace Research Institute Frankfurt, the Project on Managing the Atom at the Belfer Center for Science and International Affairs at Harvard Kennedy School, the James Martin Center for Nonproliferation Studies, The Higher School of Economics University í Moskvu og The Moscow State Institute of International Relations í Moskvu, en þess má geta að eftir innrás Rússa inn í Úkraínu í febrúar 2022 var samstarfi við rússnesku háskólana slitið.

Ákveðið var að þróa nýtt námskeið/samstarfsnet þar sem sérstök áhersla væri lögð á samningatækni og afvopnunarmál. ACONA-samstarfsnetið byggir á þremur vikulöngum námskeiðum fyrir upprennandi leiðtoga á sviði afvopnunarmála og alþjóðasamninga. Á einu ári öðlast þátttakendur í ACONA færni í að undirbúa sig fyrir og meta flóknar samningaviðræður, vinna saman að alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og funda með reynslumiklum leiðtogum í alþjóðamálum. Sextán þátttakendur víðs vegar að úr heiminum með fjölbreyttan sérfræði- og akademískan bakgrunn tóku þátt í námskeiðunum, á fyrsta starfsári ACONA sem lauk í maí. Tveir þátttakendur frá Íslandi tóku þátt, Brynja Huld Óskarsdóttir, öryggis- og varnarmálafræðingur og Álfrún Perla Baldursdóttir, sérfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu. Vegna aðstæðna varð að halda öll námskeiðin á netinu en til stóð að halda lokanámskeiðið í Reykjavík eins og árið 2019.

ACONA 2021 - 2022



Annar árgangur ACONA var valinn úr fjölda umsókna haustið 2021. Þátttakendur tóku þátt í tveimur netnámskeiðislotum og unnu að rannsóknarverkefnum þess á milli. Lokanámskeið ACONA var svo haldið í Reykjavík vikuna 9. - 13. maí þar sem bæði árgangurinn 2020 – 2021 og 2021 – 2022 komu saman og fengu kennslu frá helstu sérfræðingum á sviði afvopnunarmála og samningatækni. Ákveðið var að bjóða fyrri árgangi til Reykjavíkur þar sem að COVID gerði það að verkum að þau gátu ekki komið til landsins vorið 2021. Nemendur ACONA voru útskrifaðir við hátíðlega athöfn í Höfða.

Aðkoma Höfða friðarseturs að námskeiðinu tryggir einum til tveimur sérfræðingum frá Íslandi þátttöku í námskeiðinu en Snæfríður Grímsdóttir, sérfræðingur í átaka-, öryggis og þróunarfræðum tók þátt fyrir hönd Íslands í ACONA 2021 – 2022.

Nýtt námskeið hófst í ágúst 2022 en Helen Inga Von Ernst, sérfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu tók þátt í námskeiðinu að þessu sinni fyrir hönd Íslands.

[Nánar um ACONA á https://www.armscontrolnegotiationacademy.org/](https://www.armscontrolnegotiationacademy.org/)

ACONA Conference Reykjavík - Negotiating the Future of Arms Control



ACONA Conference Reykjavík alþjóðleg ráðstefna um afvopnunarmál og samningatækni var haldin 14. maí 2022 í Veröld Húsi Vigdísar, Háskóla Íslands. Ráðstefnan var haldin í kjölfar síðasta námskeiðs annars árgangs ACONA í Reykjavík. Ráðstefnan var opin almenningi og var vel sótt en meðal fyrirlesara voru meðal annars, Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, Catherine Ashton, fyrrverandi æðsti fulltrúi Evrópusambandsins í utanríkis- og öryggismálum og Steve Miller, stjórnarformaður Pugwash.

Örnámskeið í friðar- og átakafræðum (InPeace)




Fyrsta örnámskeiðið í friðar- og átakafræðum fór fram í mars 2020. Námskeiðið er hluti af evrópsku samstarfsverkefni sem styrkt er af Erasmus+ og Nordplus Higher Education og er leitt af Höfða friðarsetri. Á fyrsta námskeiðinu var sjónum beint að kynjuðum afleiðingum átaka og var umsjón með því í höndum Tampere Peace Research Institute, TAPRI. Alls tóku þrjátíu nemendur þátt í námskeiðinu frá Íslandi, Noregi, Spáni, Finnlandi og Bosníu og Hersegóvínu. Námskeiðið fór fram á netinu en nemendurnir unnu saman í hópum og skoðuðu sérstaklega kynjaðar afleiðingar átaka í Afganistan, Kolumbíu, Sýrlandi, Sierra Leone, Norður-Írlandi, Ísrael/Palestínu og Líbíu.

Þetta var fyrsta námskeiðið af þremur sem haldið er á vegum samstarfskóla InPeace þar sem áhersla er lögð á að skoða þátttöku og hlutverk borgara, félagsamtaka, borga og stofnana í friðarferlum út frá kenningum í kynjafræði. Næsta námskeið var haldið í Tromsø í mars 2022 og það þriðja og síðasta var haldið á Íslandi sumarið 2022.

Samhliða námskeiðunum þróuðu samstarfskólarnir nýtt námsefni í átaka- og friðarfræðum sem nýtt var í kennslu innan þeirra og einnig gert aðgengilegt sem netkúrsinn Paths to Peace and Conflict: From the Body to the International á edX.

Evrópskt samstarfsverkefni á sviði upplýsingaóreiðu (Post-truth Politics)



Höfði friðarsetur hlaut styrk úr Jean Monnet Networks sjóði Evrópusambandsins til þess að rannsaka áhrif upplýsingaóreiðu á lýðræði og fjölmiðlun í Evrópu. Verkefnið ber heitið Post-Truth Politics, Nationalism and the (De-) Legitimation of European Integration og er unnið í samstarfi við fimm háskóla í Evrópu og Norður-Ameríku.

Meginmarkmið verkefnisins er að greina umfang og hugsanleg áhrif upplýsingaóreiðu og falsfrétta á lýðræðislega umræðu, bæði á samfélagsmiðlum og innan hefðbundinna fjölmiðla. Meðal helstu afurða verkefnisins eru ritryndar fræðigreinar, bók og hlaðvarpssería um hinar ýmsu hliðar upplýsingaóreiðu.

[Hlaðvarp Post Truth Politics verkefnisins: Fjórtnán hlaðvarpsþættir þar sem fjallað er um upplýsingaóreiðu frá mismunandi hliðum.](#)

Opnir fundir á vegum Höfða friðarseturs

- 10. desember 2020:** 75 years of the United Nations: Prospects and Potentials. Opinn fundur á netinu í samstarfi við utanríkisráðuneytið í tengslum við 75 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna. Fyrirlesarar: Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, Richard Gowan frá hugveitunni International Crisis Group, Rita French, sendiherra mannréttindamála í bresku utanríkisþjónustunni, með aðsetur í Genf, Jörundur Valtýsson, fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, og Niels Nagelhus Schia, fræðimaður við norsku alþjóðamálastofnunina (NUPI).
- 18. mars 2021:** The Covid pandemic against the backdrop of post-truth politics. Opinn fundur á vegum Höfða friðarseturs og samstarfsskóla setursins í Post-Truth Politics verkefninu. Fyrirlesarar og þátttakendur í pallborði: Maximilian Conrad, prófessor í stjórnmálafræði og deildarforseti Stjórnmálafræðideildar Háskóla Íslands, Saul Newman, prófessor við Goldsmiths háskólann í London, Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar, Guðmundur Hálfðánarson, prófessor í sagnfræði og Jón Gunnar Ólafsson, nýdoktor við Háskóla Íslands.
- 23. júní 2021:** Global Peace Index 2021: A Perspective from Iceland. Höfði friðarsetur hélt opinn netfund um nýjustu úttekt stofnunar um hagsæld og frið (Institute of Economics and Peace) um frið í heiminum (the Global Peace Index), en Ísland er samkvæmt úttektinni ennþá friðsælasta land í heimi og hefur verið á toppi listans síðan árið 2008. Fyrirlesarar: Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, Serge Stroobants, framkvæmdastjóri IEP í Evrópu og Silja Bára Ómarsdóttir, prófessor í alþjóðasamskiptum.
- 10. desember 2021:** Mannréttindi og réttlæti á tímum loftslagsbreytinga. Höfði friðarsetur bauð til umræðu um tengsl loftslagsbreytinga og mannréttinda í tilefni af alþjóðadegi mannréttinda í samstarfi við mannréttindastofnun Háskóla Íslands og utanríkisráðuneytið. Opunarerindi: Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra. Aðalfyrirlesarar: Julia Dehm, dósent við lagadeild La Trobe háskólans í Melbourne og César Rodríguez-Garavito, prófessor í verklegri lögfræði og forstöðumaður rannsóknaseturs um mannréttindi og alþjóðlegt réttlæti við lagadeild New York háskóla (NYU). Lokaorð: Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra
- 1. júlí 2022:** Kynningarfundur: Höfði friðarsetur hélt opinn kynningarfund um Snjallræði í samstarfi við MIT designX í Rádhúsi Reykjavíkur. w Kolfína Kristínardóttir, verkefnastjóri Snjallræðis opnaði fundinn, Svafa Grönfeldt kynnti MIT DesignX og samstarfið við Snjallræði en eftir það voru panelumræður með fyrrum þátttakendum Snjallræðis, undir stjórn Piu Hansson hjá Höfða friðarsetri
- 8. nóvember 2022:** Er Ísland að drukkna í flóttafólki? Höfði friðarsetur, Alþjóðamálastofnun og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands héldu opinn hádegisfund þar sem fjallað var um móttöku flóttafólks á Íslandi. Fundurinn var svar við mikilli þjóðfélagsumræðu um móttöku flóttafólks þar sem því hafði verið fleygt fram að ástandið væri stjórnlaust. Leitað var svara við því hvað það myndi þýða að takmarka aðgengi að landinu og hvernig það rímar við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands þegar kemur að móttöku flóttafólks? Rætt var um breytingar sem boðaðar voru í nýju frumvarpi til útlendingalaga og hvaða afleiðingar þær hefðu fyrir fólk sem sækir hér um alþjóðlega vernd? Kári Hólmur Ragnarsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands hélt opunarerindi en Guðmundur Hálfðánarson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, Íris Ellenberger, dósent á menntavísindasviði Háskóla Íslands og Silja Bára Ómarsdóttir, prófessor í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands tóku þátt í pallborðsumræðum.
- 2. desember 2022:** COP 27, hvað svo? Höfði friðarsetur hélt fund í samstarfi við UNICEF á Íslandi, Ungra umhverfissinna, Félags Sameinuðu þjóðanna og Stofnun Sæmundar fróða við Háskóla Íslands þar sem fjallað var um niðurstöður COP27 ráðstefnunnar. Hver var upplifun þátttakenda af ráðstefnunni og hvaða skilaboð eiga leiðtogar að taka með heim til Íslands? Hvað er barnvæn loftslagsstefna og eru íslensk markmið í takt við slíka stefnu? Hvaða áhrif getur ungt fólk haft á framtíð loftslagsmála? Getum við gert betur? Amy Wickham, sérfræðingur UNICEF í loftslags-, orku- og umhverfismálum, flutti erindi um upplifun sína af COP27 ráðstefnunni og möguleikana sem felast í barnvænni loftslagsstefnu. Eftir það deildu Tinna Hallgrímsdóttir, forseti Ungra umhverfissinna og Finnur Ricart Andrason, loftslagsfulltrúi sinni sýn á framhaldið.

Rekstrarkostnaður Höfða friðarseturs 2020 - 2022

	2020	2021	2022	Heild	Skýring
Framlög	41.679.780	38.586.461	45.387.857	125.654.098	
Framlag HI	15.250.000	15.000.000	15.800.000	46.050.000	
Framlag HI/Alþjóðamálast.	5.164.583	3.712.001	2.287.857	11.164.441	
Framlag RVK	17.576.000	12.374.460	20.800.000	50.750.460	
Framlög annarra aðila	3.689.197	7.500.000	6.500.000	17.689.197	
Kostnaður	-41.679.780	-38.586.461	-45.387.857	-125.654.098	
Laun	-35.296.701	-20.000.000	-20.149.445	-75.446.146	Laun verkefnastjóra og tímabundnar ráðningar í tengslum við stór verkefni
Aðkeypt sérfræðipjónusta	-2.099.842	-13.013.908	-14.451.000	-29.564.750	Aðkeypt sérfræðipjónusta frá MIT og Klak í tengslum við Snjallræði
Veittir styrkir	-800.000	-4.000.000		-4.800.000	Styrkir til þátttakenda í Snjallræði
Kynningarefni	-2.724.778	-789.409	-1.446.293	-4.960.480	Kynningarefni í tengslum við Friðar-ráðstefnuna, ACONA og Snjallræði
Upplýsingatækni	-132.850	-210.122	-114.975	-457.947	Tölvuþjónusta vegna ráðstefna og námskeiða setursins
Ráðstefnur, Fundir, Veitingar	-387.286	-555.960	-3.148.866	-4.092.112	Leiga á sölum og kennslustofum og veitingar á ráðstefnum og fundum
Annað	-219.763	-17.062	-900	-237.725	